

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Hörgársveit.

1. gr.

Gjald fyrir skráningu hunds.

Við skráningu hunds í Hörgársveit skal greiða skráningargjald að fjárhæð kr. 2.000.

2. gr.

Gjald fyrir veitingu leyfis fyrir að halda hund.

Auk skráningargjalds skal við umsókn um leyfi til að halda hund í þéttbýli í Hörgársveit greiða leyfisgjald að fjárhæð kr. 5.000.

3. gr.

Undanþága vegna björgunarsveitar- og hjálparhunda.

Björgunarsveitar- og hjálparhundar eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir.

4. gr.

Gjald vegna handsömunar.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Við afhendingu hunds þegar gilt leyfi er ekki fyrir hendi fyrir viðkomandi hund, kr. 10.000.

Við afhendingu hunds þegar gilt leyfi er fyrir hendi fyrir viðkomandi hund, kr. 5.000.

Við afhendingu hunds sem ekki er háður leyfi í Hörgársveit, kr. 10.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds þ.m.t. útkall hundaeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar skv. reikningi. Hunda sem ekki hafa leyfi má ekki afhenda fyrir en að lokinni leyfisveitingu.

5. gr.

Afsláttur af leyfisveitingargjaldi.

Heimilt er að veita hundaeiganda, sem sótt hefur námskeið viðurkennds hundapjálfara 50% afslátt af leyfisgjaldi, í eitt skipti fyrir hvern hund.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hörgársveit nr. 1204/2011 og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 18. janúar 2012.

Hörgársveit, 17. febrúar 2012.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.